

TERESA DRÖFN FREYSDÓTTIR NJARÐVÍK

TVENNAR RÍMUR AF FERTRAM OG PLATÓ FRÁ 17. ÖLD

*Rímur Jóns Eggertssonar og brot af
glataðri rímu Jóns Guðmundssonar lærða?*

Á vordögum árið 2024 fékk ég á skrifborð mitt lítinn pappakassa sem innihélt þó nokkuð stóra ráðgátu. Innan í kassanum var eitt stakt blað úr handriti sem hafði fundist innan í bókbandi gamallar sálma bókar sem prentuð var á Hólum. Titilsíðu sálma bókarinnar vantaði en hún mun vera prentuð á Hólum áður en Hólaprent var lagt niður 1799. Það er þó með öllu óvíst hvenær handritsbrotið var nýtt í bókband hennar því að það gæti vel hafa verið einhvern tíma á 18.–19. öld. Þrátt fyrir allt, þá var blaðið nokkuð læsilegt en á því mátti þó sjá saumfór og uppábrot eftir dvöl þess innan í bókbandinu. Blaðið er í oktavó-broti, með skreyttum upphafsstaf og smá flúri aftan við textann – en textinn bar það með sér að vera úr rímum. Þarna var þá komið í leitirnar óþekkt handritsbrot og eigandi þess, fornbókasafnarinn Eypór Guðmundsson,¹ bað mig um að líta á það og athuga hvort ég gæti með einhverju móti fundið út úr því hvaða texti væri á brotinu og hve gamalt það væri. Handritabrotið nefnist hér eftir EG fragm. 1.

Spurningunni um aldur handritsins var nokkuð auðsvarað því að það virtist nokkuð ljóst að um handrit frá 18. öld væri að ræða. Ég óskaði eftir álitum frá Beeke Stegmann sem benti á að brotið væri skrifað á handgerðan pappír með engum sýnilegum vatnsmerkjum og frá Guðvarði Má Gunnlaugssyni, sem leit á leturgerð og stafsetningu, en bæði starfa þau á

1 Eypór Guðmundsson er með verkefnið *Old Icelandic Books* þar sem hann m.a. safnar gömlum prentuðum bókum, gerir þær upp og bindur inn í nýtt band. Hann hefur fundið fleiri handritabrot í prentuðum bókum sínum eins og má m.a. lesa um í viðtali við hann sem Ólafur Pálsson tók fyrir Morgunblaðið 26.2.2023, https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/02/26/fann_butu_ur_yfir_500_ara_gomlu_skinhandriti/, sótt af vef 25.3.2025. Hann heldur úti Instagram-síðu um verkefni sitt: <https://www.instagram.com/oldicelandicbooks/>

menningarsviði Árnastofnunar. Þau tóku undir þá niðurstöðu að handritið væri frá 18. öld, líkast til frá 1750 eða þar um bil.²

Að greina rímnatextann reyndist örlítið flóknara. Leit í rímnasafni eftir stökum braglínum skilaði engum niðurstöðum svo að rímurnar virðast ekki vera skráðar í Karel – Rannsóknarvettvang rímna.³ Þegar uppskrift af brotinu var gerð kom í ljós að í rímnabrotinu er minnst á tvær nafngreindar persónur – Fertram og Eyvind. Þar með virtist ljóst að þetta væru *Rímur af Fertram og Plató*, sem fékkst staðfest með samanburði efnisins við *Fertrams sögu og Plató* í handriti. Þar var hægt að finna efni rímnabrotsins í 7. kafla sögunnar en á rímnabrotinu eru 16 vísur aftan úr V. rímu og svo ein vísa sem er upphaf VI. rímu – það sést bæði á millifyrirsögn á blaðinu og niðurlagsvísu. Þá var aðeins eftir að finna hvaða *Fertrams rímur og Plató* væru á brotinu því að fleiri en einn rímnaflokkur af því efni eru þekktir. Sigurður Breiðfjörð orti *Fertrams rímur og Plató* á 19. öld en þar sem handritabrotið er nokkru eldra þá komu rímur hans ekki til greina. Eftir leit í *Rímnatali* Finns Sigmundssonar⁴ virtust tveir möguleikar koma til greina þar sem tvö nafngreind skáld ortu *Rímur af Fertram og Plató* á 17. öld. Annars vegar Jón Eggertsson (1643–1689) og hins vegar Jón Guðmundsson lærði (1574–1658). Yrði þá ekki auðfundið svarið við því hvaða *Fertrams rímur og Plató* eru á brotinu?

Ekki jafn auðfundið og maður hefði haldið. Það virðast vera skiptar skoðanir meðal fræðimanna um það hvort Jón Eggertsson og Jón lærði Guðmundsson hafi yfirhöfuð ort *Rímur af Fertram og Plató*, hvort aðeins annar þeirra hafi gert það eða hvort þær rímur séu varðveittar.

Fertrams rímur og Plató: Handrit og varðveisla

Fertrams rímur og Plató eru varðveittar í alls 14 handritum en í þeim eru þó fleiri en einn rímnaflokkur um sama efni. Langflest handritin eru með *Fertrams rímur og Plató* eftir Sigurð Breiðfjörð, eða alls tólf handrit, en hann orti rímurnar snemma á 19. öld. Eiginhandarrit hans af rímunum er varðveitt í handritinu ÍB 465 8vo, sem er skrifað um 1830, en rímurnar

2 Beeke Stegmann og Guðvarður Már Gunnlaugsson, persónuleg samskipti, 22.5.2024.

3 Sjá Karel – Rannsóknarvettvang rímna, vefstj. Pétur Húni Björnsson, <https://rimur.adlib.is/karel/rimur/>, sótt af vef 24.3.2025.

4 *Rímnatal*, I. bindi, útg. Finnur Sigmundsson (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), bls. 130; *Rímnatal*, II. bindi, útg. Finnur Sigmundsson (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), 77 og 81.

voru prentaðar 1836 af Helga Helgasyni í Viðey aftan við *Rímur af Jómsvíkingasögu*.⁵ *Rímur af Fertram og Plató* Sigurðar Breiðfjörðs eru varðveittar í handritunum: ÍB 465 8vo, ÍBR 37 4to, JS 473 8vo, JS 489 8vo, Lbs 2292 4to, Lbs 3170 4to, Lbs 4667 4to, Lbs 5178 4to, Lbs 3845 8vo, Lbs 4477 8vo, Lbs 5200 8vo, MB 038.

Rímnaflokkur Sigurðar Breiðfjörðs af Fertram og Plató er þó með öllu óskyldur þessu leyndardómsfulla rímnabroti þar sem rímur hans eru fyrst ortar þó nokkru eftir að brotið er skrifað auk þess sem á brotinu eru engar vísur sameiginlegar rímnaflokki hans. Á brotinu geta því aðeins verið eldri *Fertrams rímur* og *Plató*. Eftir standa þá eftirfarandi handrit sem gætu mögulega tengst rímnabrotinu EG fragm. 1: Lbs 695 4to og ÍB 746 8vo.⁶ Lbs 695 4to er skrifað á 19. öld, á árunum 1823–1824, en ljóst er að þar eru ekki *Fertrams rímur* og *Plató* eftir Sigurð Breiðfjörð sem virðist hafa ort sínar rímur nokkrum árum seinna. Þarna er annar rímnaflokkur um sama efni, en rímurnar eru alls tíu að tölu, og hefur sá flokkur verið eignaður Jóni Eggertssyni eins og fjallað er um nánar hér á eftir. Handritið ÍB 746 8vo, sem skrifað er á 18. öld, inniheldur brot af þessum sama rímnaflokki og er í Lbs 695 4to. Lbs 695 4to er mögulega eftirrit ÍB 746 8vo og gert meðan rímurnar voru enn heilar í handritinu. Brot rímnanna í ÍB 746 8vo nær yfir átta blöð, frá 5r–12v, þar er hluti I. rímu og II. rímu en þó vantar framan af I. rímu og aftan af II. rímu. Í ÍB 746 8vo eru aðeins rímnabrot af fjórum rímnaflokkum, *Biðils rímu*, *Fertrams rímum* og *Plató*, *Geiralls rímum* og svo tvenn brot af *Klarus rímu keisarasonar* og *Serená dramblátu*. Önnur handrit *Fertrams rímna* og *Plató* eru ekki þekkt.

Fertrams saga og Plató

Fertrams saga og *Plató* er enn sem komið er óútgefin en sagan er flokkuð með frumsömdum riddarasögum síðari alda. Prósagerðin virðist þó ekki vera eldri rímunum: *Fertrams saga* og *Plató* er að öllum líkindum afurð þess að einhver sneri efni *Fertrams rímna* og *Plató* yfir í prósa. Eldri saga af sama efni er ekki þekkt. Um *Fertrams sögu* og *Plató* segir í skrá Rudolfs Simek og Hermanns Pálssonar:

- 5 *Rímur af Jómsvíkingasögu ásamt Fertrams rímum og Plató* (Viðey: Helgi Helgason, 1836), 113–190.
- 6 Finnur Sigmundsson í *Rímnatali* telur það brot af sömu rímu og varðveitt er í Lbs 695 4to en í bókinni er prentvilla þar sem hann skrifar ÍB 748 8vo í stað ÍB 746 8vo.

Fertrams saga ok Platos ist eine spät- oder nachma. originale Riddarasaga über Fertram und Plato, die beiden Söhne des »König Artus von Frankreich«, von denen Fertram durch drei schwarze Berserker nach Indien entführt wird und von Plato erst nach vielen Abenteuern befreit werden kann. Die Saga ist voller Reminiszenzen an gelehrte oder sagenhafte Texte: z.B. besitzt Fertram das Pferd Bussifal, das einst Alexander dem Großen gehörte, und Attilas Schwert.⁷

Sagan er varðveitt í alls 32 handritum frá 17. öld og allt fram á 20. öld. Sagan virðist því hafa verið nokkuð vinsæl öldum saman. Flest eru handrit hennar varðveitt á Íslandi: AM 395 fol., AM 537 4to, ÍB 165 4to, ÍB 228 4to, ÍB 233 4to, ÍB 139 8vo, ÍB 185 8vo, ÍB 260 8vo, Lbs 633 fol., Lbs 824 4to, Lbs 998 4to, Lbs 1226 4to, Lbs 1502 4to, Lbs 5176 4to, Lbs 1705 8vo, Lbs 2153 8vo, Lbs 2405 8vo, Lbs 2986 8vo, SÁM 170, SÁM 133, Jón Samsonarson 3 4to (einkaeign). En erlendis má þó finna ellefu eintök, þar af flest í London: BL Add. MS 4857, BL Add. MS 4863, BL Add. 24972, BL Add. 11158 I (London); Rask 30, Rask 32, Rask 35 (Kaupmannahöfn); Holm papp. 46 fol. (Stokkhólmi); ISDA JB6 1 (Winnipeg); UBB Ms. 1491 (Bergen).

Elsta handrit *Fertrams sögu og Plató* er BL Add. 4857 en það handrit mun vera úr bókasafni Magnúsar Jónssonar í Vigur (1637–1702), og er að mestu með hendi skrifara hans Þórðar Jónssonar.⁸ Titilsíða handritsins ber titilinn:

Agjætar historiur af ymsum köngum köngasonum og Velbordnum frægðar mœnnum Vtann landz, þeirra Hreyste verkum og Margfœlldum manndöms Gjørningum sem þeir ä sijnum Døgum frœmdu, Miøg skiemtelegar Ad lesa og Heira, ei Sydur

7 Rudolf Simek og Hermann Pálsson, *Lexikon der altnordischen Literatur*, 2. útg. (Stuttgart: Kröner, 2007), 90.

8 Ekki er vitað hvenær Þórður Jónsson er fæddur. Hann var faðir Jóns Þórðarsonar sem var sömuleiðis skrifari í þjónustu Magnúsar Jónssonar í Vigur. Ekki er heldur vitað hvenær Jón Þórðarson er fæddur en sonur hans Jón Jónsson á Hjöllum í Ögursveit er fæddur 1681 svo að Jón Þórðarson er þá væntanlega fæddur fyrir 1660 og Þórður þá líkast til fæddur fyrir 1640. Hvorki Þórður né Jón eru í manntalinu 1703 svo að þeir hafa líklegast látist fyrir það. Báðir eru a.m.k. á lífi 1681 og þá skráðir til heimilis á Strandaseli og Birnustöðum í Ögursveit.

Nitsamlegar, ä sier Göd Dæme af ad Draga. Ad Nyu yfer siednar Og forbetradar Med stoorre Kostgiæfne Af Ærugøffgum, Vysum og Virduglegum Høfdings Manne Magnuse Jónssyni Ad Vigur, og Sydann Ad Hanns forlæge Vppskrifadar Anno 1669.⁹

Aftan við uppskrift *Fertrams sögu og Plató*, sem er á blöðum 97v–109v, er stutt skrifaraklausa, þar sem segir: „Skriffad og endud Fertrams Saga af þörde Jönßyne, ä Skarde vid Skøtufiórd .7. Martij. Anno 1670.“ Yngst handrita með *Fertrams sögu og Plató* er Lbs 1502 4to sem skrifað er árið 1902 af Magnúsi Jónssyni í Tjaldanesi. Í handriti sínu skrifar Magnús stuttan formála um hverja sögu sem í handritinu er. Um *Fertrams sögu og Plató* skrifar hann:

Saga þessi er skrifut eptir sögubók er Guðbrandur á Hvítadal hefr skrifað, en þá sögu segist hann hafa fengið hjá Sigurði Árnasyni í Kirkjuhvammi ásamt fleiri sögum. Þessi saga er víða í handriti, ok vafalaust at tiltölu heldr gömul; allar eru þær líkar at efni ok orðfæri þær er ek hefi séð, ok eru þær nú nockut margar. Sigurðr Breiðfjörð hefr ort rímur af Fertam ok Plató sem víða eru kunnar.¹⁰

Þó nokkur handrit með hendi Guðbrands Sturlaugssonar á Hvítadal (1820–1897) eru varðveitt en ekkert þeirra hefur að geyma *Fertrams sögu og Plató*.

Engin prósagerð *Fertrams sögu og Plató* er varðveitt sem er eldri *Fertrams rímum og Plató*. Líklegast er að sagan sem nú er varðveitt sé sett saman eftir rímunum en það væri þarft verkefni að kanna það nánar og sömuleiðis hvort fleiri en eina gerð *Fertrams sögu og Plató* sé að finna í þessum handritum. Það virðist vera nokkuð algengt að Magnús í Vigur hafi einmitt látið skrasetja prósagerðir með efni rímnna og ýmist sjálfur sett saman sögur með efni rímnanna eða fengið skrifara sína í það verk. Dæmi um slíkt er prósagerðin *Þóris saga háleggs* sem Magnús setti sjálfur saman eftir samnefndum rímum þar sem prósagerð eldri rímunum hafði ekki varðveist. *Þóris sögu háleggs* skrifar hann að beiðni Árna Magnússonar sem vildi fá inntak rímnanna.¹¹ *Bragða-Ölvis saga*, sem er samin eftir *Ölvis*

9 BL Add. 4857, bl. 1r.

10 Lbs 1502 4to, bl. 4v.

11 Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík, „Ölvis rímur sterka: Handrit, miðlun og þróun“, doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2025, 233–234.

rímum sterka, virðist sömuleiðis eiga uppruna sinn í skrifaraneti Magnúsar í Vigur.¹² Hið sama virðist eiga við prósagerð *Hjálmþérs sögu og Ölvis*.¹³ Í þó nokkrum tilvikum eru elstu prósagerðir sagna að finna í handritum sem hann skrifaði eða lét skrifa fyrir sig svo að það virðist sem hann hafi gert þetta við fleiri rímur, þ.e. að snúa efni þeirra yfir í prósa.¹⁴ Það er því vel hugsanlegt að *Fertrams saga og Plató* sé enn eitt tilfellið um slíkt.

Sagnaefnið af Fertram og Plató

Sagnaefnið um Fertram og Plató er hér rakið í stuttri endursögn þar sem efnið er með öllu óútgefið. Aðalsöguhetjurnar eru bræðurnir Fertram og Plató, synir Artús Frakklandskonungs, en ævintýri þeirra eru í anda hefðbundinna riddarasagna síðari tíma.¹⁵ Efnið endurspeglar áhuga á fjarlægum löndum, þó nokkurn lærdóm, áhuga á vondum tröllum og hjálpsömum fjallabúum auk þess sem á ákveðnum stöðum má sjá tilvísanir til Jóns Guðmundssonar lærða.¹⁶ Fertram er elsti sonur Artús og heldur til í listilega gerðum kastala sem faðir hans hefur reist fyrir hann. Þar dvelur hann með fylgdarsveinum sínum sem allir eru hertogasyrnir og aðrir prýðismenn. Þeirra á meðal er Áki af Alexandríu en hann kemst næst Fertram í öllum riddaralistum. Fertram var snemma settur til náms í öllum riddaralistum og varð einn besti riddari sem í veröldinni fannst.

Fertram vinnur sér inn vináttu tröllskessunnar Eldgríðar í Dofrafjöllum eftir að hafa átt þar viðureign við jötna í helli hennar og glímt við dóttur hennar Issu. Þegar hann hugðist lífláta Issu bað hún sér gríða og lofaði honum góðum gripum sem móðir hennar Eldgríður myndi útvega honum ef hann gæfi henni líf. Fékk Fertram þannig herklæði þau sem Estróval sterki af

12 Sama rit, 235.

13 Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík, „Enn setti og samdi sá sem vel kunni og vel vildi“: Um glatað „Inntak *Hjálmþérs sögu og Ölvis*“ og uppruna sögunnar í prósagerð“, *Aldingarður ræktaður handa Aðalheiði Guðmundsdóttur sextugri 7. mars 2025* (Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2025), 68–69.

14 Höfundur þessarar greinar vinnur nú að verkefni um Magnús Jónsson í Vigur og rímna-afleiddar prósagerðir úr hans förum.

15 Í *Kraka sögu og Bjólmars* má finna mjög svipaða frásagnafleitu, sjá Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík, *Hetjur fyrri alda: Fjórar gleymdar fornsögur* (Reykjavík: Hið almenna bókmenntafélag, 2023), 95–122.

16 Til dæmis í tilsvári Platós við tröllkonuna Eldgríði þegar hann nefnir hana „svarta Fjanda fælu“.

Kappacia hafði átt,¹⁷ sverð sem Atýlla konungur af Líberdoníum¹⁸ hafði átt og svo loks hestinn Bussifal sem áður hafði átt Ermenrekur Morlandskonungur. Fertram þakkaði henni fyrir gripana og hélt svo aftur í kastala sinn. Upp frá þessu er Eldgríður vinveitt Fertram og verður eins konar hjálpsamur fjallabúi sem kemur honum seinna til bjargar í nauðum hans.

Fertram hittir síðar alblóðugan riddara sem biður hann um að aðstoða sig og berjast á móti þremur berserkjabræðrum sem hafa leikið hann grátt. Fertram fylgir honum, fáliðaður og herklæðalaus, til að ráðast gegn berserkjunum en gengur þá í gildru þeirra. Hafði þá riddarinn blóðugi platað hann til að fylgja sér og ná berserkirnir með svikum og prettum að yfirbuga Fertram og taka hann til fanga. Áður hafði einn berserkjanna beðið keisara-dótturinnar Florida af Assíríam sér til eiginkonu en fengið þau svör að hún myndi aðeins játaast honum ef hann gæti fellt Fertram úr söðli sínum því að hún hugði það aldrei myndi eftir ganga. Snúa nú berserkirnir til Assíríam með Fertram í fjötrum því til sönnunar að Fertram hafi úr söðli fallið og krefjast þess að fá hönd Florida keisaradóttur og systur hennar Rosidu sömuleiðis. Þær sjá sér ekki annað fært en að játa þessu en um leið biðja þær um ársfrest til að bjóða til veislunnar tignarmönnum og til að safna veislu-föngum við hæfi. Á meðan vilja þær í laumi freista þess að finna einhver ráð til að losna undan þessum berserkjum og um leið til þess að frelsa Fertram.

Berserkirnir halda heim til Indíalands með Fertram með sér og fá móður sinni, tröllskessunni Hólmgríði, hann til varðveislu. Hún, eins og Eldgríður, gat brugðið sér í drekaham og var hið mesta galdrakvendi. Áki, félagi Fertrams, fer og safnar miklu liði ásamt frænda sínum Maximanus sterka frá Rússíalandi. Við lið þeirra bætist svo Plató, yngri bróðir Fertrams, ásamt miklum her. Með dyggri aðstoð skessunnar Eldgríðar, dverga og góðra gripa nær Plató að sigrast á berserkjunum, frelsa bróður sinn Fertram og þeir kvænast svo Florida og Rosidu og farsæll endir sögu þeirra er í höfn.

Um *Fertrams rímur* og *Plató á 17. öld*

Tvö nafngreind skáld eru sögð hafa ort *Fertrams rímur* og *Plató á 17. öld*, annars vegar Jón Eggertsson (1643–1689) og hins vegar Jón Guðmundsson lærði (1574–1658). Á öldunum sem liðið hafa frá því að þessir nafnar

17 Estróval mikil af Blálandi kemur fyrir í *Sörla sögu sterka*.

18 Staðarheitið Líberdoníum kemur einnig við sögu í *Sálus sögu* og *Nikanors*.

voru uppi hefur margt skolest til. Hvort *Fertrams rímur og Plató* í Lbs 695 4to séu ortar af Jóni Eggertssyni eða nafna hans Jóni Guðmundssyni lærða, hvort sá fyrirnefndi orti þær með réttu og að þeim síðarnefnda hafi svo verið eignaðar rímurnar, eða öfugt? Enda aðeins einn rímnaflokkur varðveittur frá 17. öld um Fertram og Plató. Þetta rekur Einar Gunnar Pétursson stuttlega í verkinu Eddurit Jóns lærða:

Hér verður ekki reynt að elta ólar við allt það sem hefur verið eignað Jóni lærða, ef það virðist ekki fá stuðning af öruggum heimildum. Hálfðan Einarsson eignaði honum *rímur af Fertram og Plató* og *Kötludraum* [...] *Rímur af Fertram og Plató* eru til sem mögulegt er að gætu verið eftir Jón lærða, en eru fremur taldar vera eftir Jón Eggertsson [...] Ef til vill gæti samanburður rímnanna við rit, sem með vissu eru eftir þessa menn, leitt til traustari niðurstöðu um höfund en hægt er að segja til um á þessu stigi málsins.¹⁹

Hér með verður reynt á einmitt þetta í eftirfarandi rannsókn; hvort samanburður rímnanna við rit sem þeim eru eignuð með vissu geti leitt til niðurstöðu um höfund *Fertrams rímna og Plató* á 17. öld.

Fyrst ber að nefna að elstu heimildir virðast gefa til kynna að þeir hafi hvor um sig ort rímur af sama efni og hafi því verið tveir rímnaflokkar af Fertram og Plató en ekki einn sem óvíst er hvor þeirra nafna orti. Á þetta bendir Finnur Sigmundsson líka í *Rímnatali* sínu. Hann eignar Jóni Eggertssyni *Rímur af Fertram og Plató*²⁰ en segir auk þess að Jóni lærða hafi sömuleiðis verið eignaðar *Rímur af Fertram og Plató* og af vígum Spánverja en að „hvorugar séu kunnar nú.“²¹ Hann eignar Jóni Eggertssyni *Fertrams rímur og Plató* sem varðveittar eru nú í Lbs 695 4to. Rímurnar þar eru tíu talsins og segir Finnur í færslunni við *Fertrams rímur og Plató*: „Talið er að Jón Guðmundsson lærði hafi ort rímur af Fertram og Plató. Þessar gætu e.t.v. verið eftir hann en eru þó fremur eignaðar Jóni Eggertssyni, sem víst er að kveðið hefir rímur af sögunni.“²²

19 Einar Gunnar Pétursson, *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða: Samantekt um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristingar og skrifelsi*, Þættir úr fræðasögu 17. aldar, I. bindi, Rit 46 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1998), 100.

20 *Rímnatal*, II. bindi, 77.

21 Sama rit, 81.

22 *Rímnatal*, I. bindi, 130.

Bæði Jón Eggertsson og Jón Guðmundsson lærði fengust við rímnakveðskap og eftir þá liggja varðveittar rímur, þótt þeir hafi einna helst verið þekktir fyrir önnur skrif. Jón Eggertsson virðist einkum hafa ort rímur í æsku sinni, eins og *Sedras rímur* og *Blómsturvalla rímur* vitna um. *Blómsturvalla rímur* eru einungis varðveittar í eiginhandarriti hans en í yfirskrift rímnanna stendur: „Hier birst rýmur af Akasonum Og kallast Blomsturvalla rýmur, Giordar og samhnyttar anno 1659 og ä sama äre Endadar“.²³ *Sedras rímur* orti Jón Eggertsson ásamt vini sínum Eiríki Hallssyni, fyrstu þrjár rímurnar orti Jón en Eiríkur þær tvær sem á eftir koma. *Sedras rímur* virðast vera ortar um 1656 samkvæmt því er Jón Eggertsson nefnir sjálfur í handriti sínu. *Sedras rímur* eru líkast til ortar eftir 1653 því að í heimildum er Eiríkur Hallsson sagður prestur en hann tók fyrst við embætti það ár.²⁴ Seinna meir gerðist Jón ötull handritasafnari fyrir Svía og skrifar upp talsvert af handritum eins og kunnugt er en virðist ekki hafa fengið neitt meir við rímnakveðskap á efri árum.

Jón Guðmundsson lærði aftur á móti virðist ekki hafa ort rímur fyrr en á sínum efri árum. *Ármanns rímur* er hann sagður hafa ort 63 ára gamall, þá í útleð á Austurlandi eftir að hafa hlotið dóm fyrir galdramál og fleira sem líkast til er alkunna nú. Jóni Guðmundssyni lærða er einnig eignuð *Tíma ríma*.²⁵ Í þeim heimildum þar sem hann er einnig sagður hafa ort rímur af Fertram og Plató er ekkert nefnt hvenær Jón gæti hafa ort þær, en ekki er ólíklegt að hann hafi ort þær um svipað leyti og hann orti *Ármanns rímur*. Í *Ármanns rímum* nefnir hann sjálfur í mansöng að hann yrki þær til að róa hugann og hafa eitthvað að gera í útleðinni²⁶ svo að vel má vera að það hafi líka átt við um *Fertrams rímur* og *Plató*. Líklegast er því að báðar *Fertrams rímur* og *Plató* frá 17. öld séu ortar á bilinu 1637 til 1659 meðan prósagerðin *Fertrams saga* og *Plató* virðist vera fyrst skráð 1670.

Fyrstur til að eigna þeim nöfnum, Jóni Eggertssyni og Jóni Guðmundssyni lærða, *Fertrams rímur* og *Plató* er Hálfðan Einarsson (1732–1785) í bókmenntasögu sinni *Sciagraphia Historiæ Literiæ Islandicæ Autorum et*

23 Regina Jucknies, *Der Horizont eines Schreibers: Jón Eggertsson (1643 – 89) und seine Handschriften*, Texte und Untersuchungen zur Germanistik und Skandinavistik, 59. bindi (Frankfurt am Main, Peter Lang, 2009), 186, nmgr. 431.

24 Sama rit, 188.

25 Einar Gunnar Pétursson, „Kellingarím eða Tímaríma Jóns lærða“, *Ólafskross reistur Ólafi Halldórssyni sextugum* (Reykjavík, 1980), 16.

26 Viðar Hreinsson, *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar* (Reykjavík, Lesstofan, 2016), 478.

Scriptorum tum Editorum tum Ineditorum Indicem Exhibens Cujus Delineandæ Periculum sem kom út á prenti árið 1777.²⁷ Í hluta bókmenntasögunnar um skáld eftir siðbreytinguna, Pöetas qui post tempora Reformationis varia carmina argumenti inprimis Historici et profani concinnarunt, skrifar hann við færslu sína um Jón Guðmundsson lærða að hann hafi ort *Fertrams rímur* og *Plató* og *Ármanns rímur* og *Þorsteins gála*: „Historiam prætera Fertrami et Platonis, Armanna et Thosteini Gaala metro reddidit.“²⁸ Á sömu opnu, á næstu síðu er svo færsla við Jón Eggertsson þar sem Hálfðan telur hann hafa ort *Bragða-Mágus rímur*, *Fertrams rímur* og *Plató* og *Blómsturvallarímur*: „Historiam Magi Callidi, Fertrami et Blomsturvallensium in ligatem orationem numerose misit [...]“.²⁹

Áður hafði þó Páll Vídalín (1667–1727), sem var samtíðarmaður Jóns Eggertssonar og samstarfsmaður Árna Magnússonar, eignað Jóni Eggertssyni *Fertrams rímur* og *Plató* en Páll segir ekkert um rímur Jóns lærða. Páll nefnir *Fertrams rímur* og *Plató* eftir Jón Eggertsson í skálda- og rithöfundatali sínu, *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*. Páll vann að skálda- og rithöfundatalinu á síðustu árum ævi sinnar og var því ekki með öllu lokið þegar hann lést frá verkinu árið 1727. Þar segir hann um kveðskap Jóns Eggertssonar: „Medann hann lifde var hann sæmelegt skald, giórde Rymur af Fertram og Plato med snotru ordfære enn stundum nyum talshattum og hálkenningum, annars nogu fagurt qvedid og skaldlega.“³⁰ Af þessu má ráða að Páll Vídalín hafi lesið *Fertrams rímur* Jóns Eggertssonar og þekkt þær. Þá mætti einnig hafa í huga að þetta skrifar Páll innan við hálfri öld eftir að Jón Eggertsson lést svo að þetta verður að teljast nokkuð áreiðanlegt. Páll nefnir þó hvergi rímur eftir Jón Guðmundsson lærða, hvorki *Fertrams rímur* og *Plató* né *Ármanns rímur*, en getur aðeins um galdramál hans og kvæðið *Fjandafælu*. Annan kveðskap Jóns lærða nefnir hann ekki einu orði en af því sem hann þó skrifar um Jón lærða má ráða að Páll hafi ekki metið Jón lærða mikils:

27 Sérlegar þakkir fær Hjalti Snær Ægisson fyrir aðstoð með latínu í færslum *Sciagraphia* um þá nafna.

28 Hálfðan Einarsson, *Sciagraphia Historiæ Literiæ Islandicæ Autorum et Scriptorum tum Editorum tum Ineditorum Indicem Exhibens Cujus Delineandæ Periculum* (Kaupmannahöfn: Sander og Schröder, 1777), 82.

29 Sama rit, 83.

30 Páll Vídalín, *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*, útg. Jón Samsonarson (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1985), 77.

Jon Gudmundsson Mälare, edur Lærde nafnkunnigur galdramadur, hvorn Are Magnusson J Ógre liet fleingia firer Jdkun þeirrar listar, þa hann hafde skommu ädur äsamt Þorleifi Þordarsyne utrekid Snæfialladrauginn sem var hinn skadvænaste övættur, enn eckj var það orsak til hegning<ar>innar, heldur Jmisleg og bligdunarlaus hiätuar Jdkun, af þessare ovyrding for hann i Snæfellssýslu, hvar hann utsade an bligdunar sinne skadlegu hiatru og upreiste sosem fiolkingisskola, firer hvort skammarverk hann var bannfærdur af tilstille S^r Gudmundar Einarssonar profasts ä Stadastad, þa giorde hann nochra Jferböt, nochru sydar var hann þö fluttur utj Kaupinnhafn af Fridrich Frÿs 1618. feck þar forsvarsmenn og komst klaklaust hingad aftur, deide sydast i Austfiórdum afgangall, latande eftir sig 2 syne sem badir urdu prestar, skald var hann i medallage, er siest af hannz Fiandafælu, sem er ogudleg: og opinberar audveldlega særingamannsens hiätuarfulla hugskot [...]³¹

Páll virðist ekkert of hrifinn af Jóni Guðmundssyni lærða almennt og nefnir að hann hafi verið skáld í meðallagi. Páll hefur því vitað að Jón lærði orti eitthvað en sér ekki ástæðu til að nefna nein kvæði hans á nafn utan *Fjandafælu* – en honum er sem sagt kunnugt um að meira hafi hann þó ort.

Um *Fertrams rímur og Plató* eftir Jón Eggertsson skrifar Hannes Þorsteinsson (1860–1935) sömuleiðis í verki sínu *Æfir lærðra manna*, en þar segir hann Fertrams rímur hans verða „10 að tölu ordugar“³² og vísar þar í skrána Steph 55, en þar í má finna „Registur yfir Rímur“, á bls. 128–145, samantekið af Magnúsi Stephensen (1762–1833) seint á 18. öld.³³

Fræðimenn seinni tíma hafa sumir efast um að *Fertrams rímur og Plató* megi með sannni eigna Jóni Eggertssyni, þannig telur Bjarni Einarsson að óvíst sé hvort Jón Eggertsson hafi ort þær. Regina Jucknies, sem hefur rannsakað feril Jóns Eggertssonar og þá einna helst handrit hans, virðist ekki sannfærð um að Jón Eggertsson hafi ort rímurnar: „Die Verfasserschaft weiterer Rímur wurde Jón Eggertsson zugeschrieben: die

31 Sama rit, 84–85.

32 Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*, 31. bindi, bls. 31. Óprentað: Skjalaskrá Þjóðskjalasafn Íslands: <https://skjalaskrar.skjalasafn.is/r/OTg5NDI3>, sótt af vef 24.3.2025.

33 Kristian Kålund, *Katalog over de Oldnorsk-Islandske håndskrifter i det store Kongelige bibliotek og i Universitetsbiblioteket (udenfor den Arnemagnæanske samling) samt den Arnemagnæanske samlings tilvækst 1894–99*, II. bindi (Kaupmannahöfn: Gyldendalske boghandel, 1900), 584.

Bragða-Mágus rímur sowie die Fertrams rímur og Plató. Diese stammen jedoch wohl nicht aus Jóns Feder.³⁴ Frekari rökstuðning er þó ekki að finna, Jucknies vísar aðeins í áður nefnd skrif Bjarna og Bjarni nefnir aðeins að það sé efamál: „Óvíst er um sumt af því sem honum er eignað, t.d. rímur af Bragða-Mágusi og Fertrams rímur sem taldar eru í Sciagraphiu Hálfðans Einarssonar, en efalaust er um Blómsturvalla rímur eða af Ákasonum sem Hálfðan nefnir.“³⁵

En það virðist þó vera nokkuð víst að Jón Eggertsson hafi ort *Rímur af Fertram og Plató* og varla ástæða til að draga það í efa, með tilliti til alls sem hér var talið upp og þá sér í lagi skrifa Páls Vídalín um *Fertrams rímur og Plató* eftir Jón Eggertsson. Páll hefur greinilega lesið þær sjálfur fyrst hann lýsir orðfæri þeirra eins og hann gerir. Að sömu niðurstöðu kemst Finnur Sigmundsson í *Rímnatali* sínu þótt hann vísi þar ekki til Páls Vídalín, Magnúsar Stephensen eða Hannesar Þorsteinssonar þegar hann eignar Jóni Eggertssyni rímnaflokkinn.

En hvað sem þessu öllu líður þá er rímnabrotið sem fannst í sálma-bókinni snjáðu ekki skylt rímunum í Lbs 695 4to þar sem *Fertrams rímur og Plató* Jóns Eggertssonar eru varðveittar. Rímnabrotið hefur engar vísur sameiginlegar með rímunum í Lbs 695 4to. Orðfæri þeirra er allt annað – vísur rímnanna í Lbs 695 4to eru mun dýrari og orðfærið nokkur tyrfið meðan vísurnar á EG fragm. 1 eru mjög ljósar og auðskildar. Þar dugir að benda á síðustu þrjár vísur V. rímu í Lbs 695 4to og svo upphafsvísu VI. rímu til að útiloka að brotið gæti verið af sama rímnaflokki:

Plato Reid það gedíaft greitt
greppu það hann halda
Þetta tied af vilia er veitt
vinskap með og lýka breitt

Skilia fýðann bædi brätt
til borgar Plato Rýður
nogu strýðann hlioda hätt
eg hendi ö frýðann mæls við gätt

34 Jucknies, *Der Horizont eines schreibers*, 188.

35 Bjarni Einarsson, *Munnnælasögur 17. Aldar*, Íslensk rit síðari alda 6 (Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag, 1955), xxxix–xl.

Nordri stridur skorde skeid
 Skierdur orða birde
 Herdist burdur härs um leid
 hirdift birdur firdur neid

Mimirs vinar vara straum
 eg verd að hræra
 miðdnum härs fo meige tæra³⁶

Ekkert í vísunum úr Lbs 695 4to er sameiginlegt því sem á EG fragm. 1 er að finna. Vísurnar eru allt öðruvísi, bragarhátturinn er annar, stílbragðið er annað og staðsetning innan atburðarásar er frábrugðin. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að á þessu rímnabroti sé að finna texta úr öðrum *Fertrams rímum* og *Plató* sem ortar hafa verið fyrir 18. öld. Aðeins eitt nafngreint skáld annað er sagt hafa ort *Rímur af Fertram og Plató*, Jón Guðmundsson lærði, en þær rímur eru ekki varðveittar. Um fleiri rímur af þessu sagnafni er ekkert vitað og ef útiloka má með nokkurri vissu rímur þeirra Sigurðar Breiðfjörðs og Jóns Eggertssonar – liggur þá ekki beinast við að telja þetta brot af annars óvarðveittum *Fertrams rímum* og *Plató* eftir Jón lærða?

Einkenni rímnabrotsins

Rímnabrotið samanstendur af 16 vísum aftan af V. rímu og svo einni upphafsvísu mansöngs fyrir VI. rímu. Neðarlega á verso-hlið blaðsins er titillinn „VI. Rýma“ ásamt flúri og svo skreyttur upphafsstafur í fyrsta orði fyrstu braglínú „Odins.“ Niðurlag síðustu vísu V. rímu getur sömuleiðis um að þar ljúki V. rímu: „fer ä Enda fýmmta Ryma.“ Skáldamálið er ljóst og stillinn einfaldur og léttur. Bragarháttur V. rímu er braghenda skárímuð þar sem hver vísa er þrjár braglínur, og seinni braglínurnar tvær ríma saman meðan fyrsta braglínan myndar eins konar sérhljóðahálfrím við þær.

Stafsetning er ekki með öllu regluleg og stundum óljóst hvort eða hvenær skrifari notar *ij*, *j* eða *ī* – fyrir /i/, *ä* fyrir a kemur fyrir stöku sinnum þótt orðið eigi að hafa óbreytt /a/, misjafnt er hvort /ö/ sé táknað með *ö*, *ó* eða *ø* – bara svo fáein dæmi séu nefnd. Hluti blaðsins, sér í lagi

36 *Fertrams rímur* og *Plató*, Lbs 695 4to, bl. 102v.

við neðri jaðar, er orðinn máður svo að illgreinanlegt er hvað þar stendur. Stöku blettir eru líka máðir á blaðinu innan textans. Blaðið er brotið og við brotlínuna eru sömuleiðis ógreinanlegir stafir en oftast má þá fylla inn í afmáða eða ógreinilega stafi út frá samhengi.

Þar sem brotið samanstendur af einungis 17 vísum alls, eða 51 braglínu og 286 orðum, er það of lítið til að hægt væri að gera á þeim marktæka stílmælingu, þótt það mætti vissulega reyna til gamans. Þá er einnig lítið um sérstök einkenni á svo stuttu broti sem auðvelda myndi samanburð við annað efni. Um brotið er því fátt annað að segja en að það virðist vera af *Fertrams rímum* og *Plató* frá 17. öld, ódýrt kveðið og sparsamt á tyrfið skáldamál.

Samanburður við *Ármanns rímur*

Að Jón Guðmundsson lærði hafi ort *Ármanns rímur* ríkir almenn sátt meðal fræðimanna. Þess er getið í *Sciagraphiu* Hálfðans Einarssonar,³⁷ í Bókmenntasögu Jóns Grunnvíkings³⁸ og *Rímnatali* Finns Sigmundssonar.³⁹ Jón Helgason bendir á það í útgáfu sinni á *Ármanns rímum* árið 1948 að í mansöng rímnanna megi einnig sjá merki þess að Jón lærði hafi vissulega ort þær⁴⁰ svo að enginn vafi leikur á því *Ármanns rímur* séu réttilega eignaðar Jóni lærða.

Ármanns rímur eru átta að tölu og varðveittar í alls fjórum handritum. Rímurnar eru ortar að talið er árið 1637 og er það fengið frá skáldinu sjálfu úr mansöngvum rímnanna eins og Jón Helgason rekur ítarlega: „[...] höfundur kveðst þar hafa þrjá um sextugt, og þær hljóta þá að vera kveðnar

37 Hálfðan Einarsson, *Sciagraphia*, 82.

38 Jón Ólafsson, *Safn til íslenskrar bókmenntasögu*, útg. Guðrún Ingólfsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir, Rit 99 (Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2018), 117–118.

39 *Rímnatal*, I. bindi, 130; II. bindi, 77.

40 Jón Helgason, *Ármanns rímur eftir Jón Guðmundsson lærða*, Íslensk rit síðari alda 1 (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1948), bls. vi. Um *Ármanns rímur* og prósatexta sem gerðir voru eftir rímunum hefur Madita Knöpfle nýlega skrifað grein þar sem þetta er einnig rakið. Sjá Knöpfle, „Conceptions of Authorship: The Case of *Ármanns rímur* and their Reworkings in Early Modern Iceland“, *In Search of the Culprit: Aspects of Medieval Authorship*, ritstj. Lukas Rösli og Stefanie Gropper, Andere Ästhetik – Studien 1 (Berlin, DeGruyter, 2021), 239–264. Ítarlegri umfjöllum um mansöngva *Ármanns rímna* er að finna hjá Viðari Hreinssyni, *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar*, 478–488.

1637. Í annan stað kveður hann hafa gengið yfir 22 töstug (þ.e. hörð eða grimm) ár (I 3); það kemur heim við að eftir víg Spánverja 1615 hófust hrakningar Jóns.⁴¹

Efni þeirra virðist frumsamið af Jóni lærða sjálfum þótt vangaveltur séu um hvort þær kunni að vera byggðar á efni úr munnlegri geymd.⁴² Orðfæri rímnanna er ljóst og einfalt, skáldamál notað sparlega og eru rímurnar yfirleitt mjög auðskildar. Um þetta segir Jón Helgason:

Það er einkennilegt um Ármanns rímur að dýrar vísur eru þar nálega engar (sjá þó V 1–3, svo og V 66 ef „víma“ er rétt). Höfundur bendir hvað eftir annað á þetta (II 3, III 1, V 3, 4, 7, VII 2, 65) og skýrir það eða afsakar með því, að sér sé fyrir mestu að frásögnin sé vel skiljanleg; hann gerir beinlínis ráð fyrir að edduborið orðaval, sem dýrleikanum hljóti að vera samfara, geri efnið torskilið.⁴³

Í niðurlagsvísu hveðrar rímu *Ármanns rímna* er því lýst að rímunni sé að ljúka og í rímum II, IV og VII er tala rímunnar aukinheldur nefnd. Þetta sama stílbragð er á rímnabrotinu, auk þess sem orðfæri niðurlagsvísna í *Ármanns rímum* er fremur líkt orðfærinu í niðurlagsvísu brotsins:

Frosta lögurinn fraus í skál
um fimbulvetrar tíma,
hefi því sízt á hróðri brjál,
hér með endast ríma.⁴⁴

Eldast tekur minn Fjölnis fengur,
forn og lúinn er kvæða strengur.
Önnur ríma Ármanns hér
endast nú, það heyri þér.⁴⁵

41 Jón Helgason, *Ármanns rímur*, xix og síðar segir hann enn fremur að rímurnar séu ortar seinni hluta árs 1637, sjá xxi.

42 Jón Helgason, *Ármanns rímur*, xxii.

43 Sama rit, xxi–xxii.

44 Sama rit, vísa I 64, 11.

45 Sama rit, vísa II 67, 22.

Mjög hafa förlað mæðar lát
um mæðu tíma,
verð eg að festa ferju bát,
þar falli ríma.⁴⁶

Á morgun skaltu mæta þessum peiga.«
Rödd er bæði rám og treg,
ríman fjórða fór sinn veg.⁴⁷

Fram á grímu frílega vel
fljóðið situr að drekka,
óðar víma úti tel,
endann rímu so eg fel.⁴⁸

Mín er förluð mæðar mennt,
mjög so líka hljóða grein,
strengurinn óðar stökk í tvennt,
þar strauk í burtu ríman ein.⁴⁹

Bragarhátt vandan betri skáldin binda og líma,
sjöunda endast Ármanns ríma,
við áttundu eg verð að glíma.⁵⁰

Allur förlast orða máttur
óðar vers að færa,
hér skal úti Ármanns þáttur,
enginn vill hann læra.⁵¹

Vitaskuld er þetta nokkuð þekkt stílbragð innan rímnahefðarinnar almennt. En hér er það athugunarvert að Jón lærði notar þetta stílbragð í hverri rímu *Ármanns rímna* og það sama er að finna á *Fertrams rímum* og

46 Sama rit, vísa III 83, 37.

47 *Ármanns rímur*, vísa IV 69, 46.

48 Sama rit, vísa V 66, 58.

49 Sama rit, vísa VI 62, 69.

50 Sama rit, vísa VII 65, 78.

51 Sama rit, vísa VIII 60, 89.

Plató í EG fragm. 1. Þá eru sömuleiðis líkindi með orðfæri, ljósu skáldamáli og stíl þeirra á milli, sem og efni þeirra upp að vissu marki.

Stílmæling

Brot *Fertrams rímna* og *Plató* í EG fragm. 1 er tiltölulega smátt; þessar 17 vísur sem á brotinu eru mynda alls 286 orð eða 1661 stafgildi. Þó má engu að síður láta reyna á stílmælingu til að athuga hvort hún geti gefið vísbendingu um skyldleika *Fertrams rímna* og *Plató* á EG fragm. 1 og Lbs 695 4to við aðrar þekktar rímur frá Jóni Eggertssyni og Jóni Guðmundssyni lærða.

Í stílmælingunni hér er EG fragm. 1 brotið í heild sinni nýtt og svo sambærilegt brot af V. rímu ásamt upphafsvísu VI. rímu eftir *Fertrams rímum* og *Plató* í handritinu Lbs 695 4to. Til samanburðar eru sambærileg brot af V. rímu ásamt upphafsvísu VI. rímu *Ármanns rímna* Jóns Guðmundssonar lærða teknar með í mælinguna og sömuleiðis sambærilegt brot V. rímu og upphafsvísa VI. rímu eftir *Blómsturvalla rímum* Jóns Eggertssonar. Stílmælingin er gerð með forritinu Lexos sem er notendavænt stílmælingarforrit aðgengilegt á netinu.

Stílmælingu með Lexos mætti nefna orðamengjafræðilega stílrannsókn (en. *lexomic analysis*).⁵² Aðferðin byggist á hefðbundnum tölvustuddum stílfraðirannsóknnum en felur um leið í sér nýja nálgun á stílfraðirannsóknir og textafræði. Textafjarlægð er mæld með samanburði allra textaeinkenna, þ.e. orðnotkunar, dreifingar og annarra einkenna.⁵³ Aðferðin var þróuð með engilsaxneska texta í huga en nýtist þó einkar vel á norræna og íslenska texta um leið og þá sérstaklega til að bera saman texta eða textaeiningar.⁵⁴ Orðmengjafræðileg stílrannsókn hefur verið notuð til að meta skyldleika texta en sömuleiðis til að meta textaeiningar eða textabúta (en. *text segments/word clusters*) með tilliti til formúlunotkunar innan texta eða ólíkra heimilda

52 „Lexomics“, Kleinman, S., LeBlanc, M. D., Drout, M., & Zhang, C., Lexos v3.1.1, (2017), <https://wheatoncollege.edu/academics/special-projects-initiatives/lexomics/>, sótt af vef 27.3.2025.


53 Kosinus-fjarlægð er mæld milli algengustu orða, dreifingu þeirra, stöðu og tíðni innan textaeininganna.

54 Rosetta M. Berger og Michael M. C. Drout, „The Relationship between *Víga-Glúms saga* and *Reykðela saga*: Evidence from New Lexomic Methods“, *Viking and medieval Scandinavia* 11 (2015): 1–32.

að baki sama textans í mismunandi textaeiningum.⁵⁵ Aðferðina má vel nota á smærri textaeiningar⁵⁶ eins og við á um brot *Fertrams rímna* og *Plató* í EG fragm. 1. Þá hefur reynst farsælast að allir textabútar sem til rannsóknar eru séu af svipaðri stærð. Því var ákveðið að taka einungis búta úr *Fertrams rímum* og *Plató* eftir Lbs 695 4to, *Ármanns rímum* og *Blómsturvalla rímum* sem eru af svipaðri stærð og rímnabrotið.

Til að bera saman texta eru þeir keyrðir í gegnum forrit sem m.a. telur fjölda orða og hve oft þau koma fyrir og raðar saman orðamengjum í kladda eftir textafjarlægð, frá 0–1. Niðurstöðurnar birtast á sjónrænan hátt í svokölluðu trjámengi (en. *dendrogram*) – sem er nánast eins og órói.⁵⁷ Textar eða textaeiningar kallast lauf (en. *leaves*). Ef líkindi eru á milli texta eða textaeininga eru lafin tengd saman í kladda (en. *clade*). Fjarlægð milli laufanna stjórnar hæð kladdanna. Lægstu kladdarnir innihalda því lauf með minnstu fjarlægðina milli sín, þ.e. mestu textalíkindin. Séu lafin alveg eins fellur kladdinn saman niður á núlllínu þar sem fjarlægð er þá 0. Einstað lauf nefnast einlaufungar (en. *simplicifolious*). Hæstu kladdarnir innihalda þá lauf með mestu textafjarlægðina á milli sín, þ.e. minnstu textalíkindin. Sé ekkert sameiginlegt með laufunum myndast enginn kladdi og úr verður eyða í trjámenginu.

Fyrst var textafjarlægð milli *Fertrams rímna* og *Plató* í EG fragm. 1 og Lbs 695 4to mæld með samanburði við *Ármanns rímur*. Sú mæling skilaði eftirfarandi niðurstöðu:




55 Michael M. C. Drout et al., „Of dendrogrammar: Lexomic Methods for Analyzing Relationships between Old English Poems“, *Journal of English and Germanic Philology* 110.3 (2011): 301–336.

56 Dæmi eru um að nokkrar ljóðlínur hafi verið notaðar í orðmengjafræðilegri stílrannsókn, sjá t.d. Michael M. C. Drout og Leah Smith, „A Pebble Smoothed by Tradition: Lines 607–61 of *Beowulf* as a Formulaic Set-piece“, *Oral Tradition* 31.1 (2018): 191–228.

57 Michael M. C. Drout, einn upphafsmanna orðmengjafræðilegra stílrannsókna, hefur útbúið skjal með leiðbeiningum hvernig lesa skuli trjámengi. Skjalið er birt á heimasíðu verkefnisins Lexomics á vegum Wheaton College, Michael M. C. Drout og Leah Smith, „How to read a dendrogram“, <https://wheatoncollege.edu/wp-content/uploads/2012/08/How-to-Read-a-Dendrogram-Web-Ready.pdf>, sótt af vef 31.3.2025.

Í þessari mælingu raðast *Ármanns rímur* og *Fertrams rímur* og *Plató* eftir EG fragm. 1 saman í einn kladda meðan sambærilegt brot *Fertrams rímna* og *Plató* í Lbs 695 4to myndar einlaufung. Textafjarlægð milli *Ármanns rímna* og EG fragm. 1 er minni, þ.e. skyldleiki textanna þar á millum er meiri. Það er því ekki aðeins huglægt mat greinarhöfundar að orðfæri rímnabrotsins í EG fragm. 1 sé ólíkt orðfærinu í Lbs 695 4to; munur þar á millum er mælanlegur. Þetta eitt og sér dugir að sjálfsgöðu ekki til þess að tefla Jóni lærða fram sem höfundi *Fertrams rímna* og *Plató* í EG fragm. 1 en mælingin styður við þá tilgátu og sýnir þar að auki á sjónrænan hátt að líkindi brotsins við *Ármanns rímur* eru meiri en við aðrar varðveittar *Fertrams rímur* og *Plató*.

Ef sambærilegu broti af *Blómsturvalla rímum* eftir Jón Eggertsson sem varðveittar eru í eiginhandarriti hans, Holm papp. 28 4to,⁵⁸ er bætt við mælinguna fæst enn skýrari mynd af skyldleika þessara texta:



Þegar *Blómsturvalla rímum* er bætt inn í raðast þær saman í kladda með *Fertrams rímum* og *Plató* í Lbs 695 4to sem áður einangruðust sem einlaufungur. *Blómsturvalla rímur* Jóns Eggertssonar sýna því skyldleika við þær *Fertrams rímur* og *Plató* sem honum hafa verið eignaðar. Sú niðurstaða, ofan á það sem hér var áður rakið, bendir skýrt til þess að Jóni Eggertssyni séu réttilega eignaðar þær *Fertrams rímur* og *Plató*. Óþarfi er að draga það í efa. Stilmælingin sýnir líka fram á það að *Ármanns rímur* Jóns Guðmundssonar lærða sýna skyldleika við brot *Fertrams rímna* og *Plató* í EG fragm. 1.

Niðurstaða

Það er úr litlu að möða þegar kemur að því að ákvarða efni rímnabrotsins EG fragm. 1 nema þá helst að þar er greinilega áður óþekktur rímnaflokkur af Fertram og Plató. Tveir rímnaflokkar af því efni eru varðveittir í dag í

58 Jón Eggertsson, *Blómsturvallarímur*, útg. Grímur M. Helgason og Hallfreður Örn Eiríksson, Rit Rímnafélagsins 11 (Reykjavík: Rímnafélagið, 1976).

heild sinni, annars vegar rímur Sigurðar Breiðfjörðs og hins vegar rímur Jóns Eggertssonar. Það er ljóst að þær *Fertrams rímur* og *Plató* sem eru varðveittar í Lbs 695 4to eru vissulega eftir Jón Eggertsson, líkt og fræðimenn hafa raunar áður bent á, og ástæðulaust að draga það nokkuð í efa eins og hefur verið gert í seinni tíð. En rímur þeirra Sigurðar Breiðfjörðs og Jóns Eggertssonar af *Fertram* og *Plató* er ekki hægt að tengja við brotið í EG fragm. 1. Í umfjöllun um íslenska bókmenntasögu frá 18. öld og fram á 20. öld er aðeins eitt annað skáld til viðbótar sagt hafa ort *Rímur af Fertram og Plató* – Jón Guðmundsson lærði. Þær rímur hafa þó ekki varðveist.

Það er langt í frá óhugsandi að brot *Fertrams rímna* og *Plató* sem finnst á EG fragm. 1 sé einmitt brot af þessum rímum Jóns Guðmundssonar lærða. Stíll, orðfæri og auðlesið skáldamál er ekki ósvipað rímum hans sem varðveittar eru eins og *Ármanns rímur* sýna glögg. Stílmæling styður þá tilgátu aukinheldur. Ef til vill þykir sumum hæpið að fullyrða með nokkurri vissu að þessar *Fertrams rímur* og *Plató* séu með sanni eftir Jón Guðmundsson lærða og það má vel vera að svo sé. Engu að síður er ekkert annað skáld orðað við *Fertrams rímur* og *Plató* sem gæti komið til greina. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að það séu allar líkur á því að hér sé komið í leitirnar brot af glötuðum *Fertrams rímum* og *Plató* eftir Jón Guðmundsson lærða – þótt það fáiist seint eða aldrei staðfest.

Útgáfa *Fertrams rímna* og *Plató* eftir brotinu EG fragm. 1

... prijfar lidinu.

Sendi grammur| feggi 12 ad sijldar velldi

brædrum| heimm þar bjöd(a) skjilldi

beint ef fertram| þegnum fijlldi|

Bud lungs nadi bródur böd femm hei|rdu⁵⁹

frijdri þackar frænings jördu|

fljött ad høllu vikia gijördu|

Lijet þa sijdan leijda i høll og lijð| þeimmm filgdi

fjirpu Ørfummm fæti valldi|

fiöle prijddur öttars gialldi|

Hijlmirs meinge hræðflä greip i| hœllu jnne
brædur af afind beinnt med| fanni
brags ölikir hverium Manni|

Vöru bláir beinnt femm h[el] þeir| brædur leidir
här Eckert ad hofud| prijdir
holldum þöktu varla blijder|

Beinnt ur höfn⁶⁰ baru fkijegg fo| bringu nadi
ad þeim þokti ecki prijdi|
Ødlings mætum borgar ljdi|

hvorijum jötun hrædi l[e]gre| höldar frijdu
firir göma neglur| nadu
næri vöda allir tiädu|

firdä ä mijlli fertram fat med fi|otra gilla
hörfdi Øll ä skifir ski|alda
skijöldunngs fveit og trod[u] faldä|

þad fkal greina þ[ooo]lft| þö þörna lundumm
tij[oooo] Tröll|a|| höndumm
Tiggia sonn og þungumm bönd|um

Ecki mælti ødlings nidur örd fra| munni
Eýuind biriar ort med fanni
jll|ur hial i ftijllirs Ranni|

Kaudinn fagdi kominn er hijer nu ka|ppinn mefti
Eijnatt sijnu afle treifti|
ofann Reid eg hann med hreifte|

þvi umm kiöfid þann nu köft ad þr|ællinn tiadi
ydar dætur ei þad þbidi|
ofs ad gipta meður prijdi|

Ellä meigid j[arn]f i fundi ockur m|ætä
munn ydur þad midur veita|
mælti grimir dräkons Reita|

Allýr köngar jtra blau övina| pridir
 vijft miög eru vid ofs hræ|ddir
 vel þö fýnu hreifti giæddir|

Mýnu giefýd mali fvar ad m|ælti þrjotur
 fig vill hvýla sudra batur
 futtungs hvarf mier hor|na gratur

Mælfkann dofnar m|in[n]id þritur mals um giema
 fer ä Enda fýmmta Ryma
 foldinn Eignift hafnar brý|ma|

VI Rijma|

Odinns varmur horn|a [h]armur hvarf fra| ftarfe
 gildur þar fe|m greýða fkyllidi|
 grimum||

HEIMILDIR

HANDRIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

AM 395 fol.

SÁM 170

AM 537 4to

SÁM 133

Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafn, Reykjavík

ÍB 165 4to

Lbs 1226 4to

ÍB 228 4to

Lbs 1502 4to

ÍB 233 4to

Lbs 2292 4to

ÍB 139 8vo

Lbs 3170 4to

ÍB 185 8vo

Lbs 4667 4to

ÍB 260 8vo

Lbs 5176 4to

ÍB 465 8vo

Lbs 5178 4to

ÍB 746 8vo

Lbs 1705 8vo

ÍBR 37 4to

Lbs 2153 8vo

JS 473 8vo

Lbs 2405 8vo

JS 489 8vo

Lbs 2986 8vo

Lbs 633 fol.

Lbs 3845 8vo

Lbs 695 4to

Lbs 4477 8vo

Lbs 824 4to

Lbs 5200 8vo

Lbs 998 4to

Einkaeign, Ísland

EG fragm. 1

Jón Samsonarson 3 4to

British Library, London

BL Add. MS 4857

BL Add. 24972

BL Add. MS 4863

BL Add. 11158

Den Arnamagnæanske Samling, Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab, Københavns Universitet, Kaupmannahöfn

Rask 30

Rask 35

Rask 32

Kungliga Biblioteket, Stokkhólmi

Holm papp. 46 fol.

Holm papp. 28 4to

Universitetsbiblioteket, Bergens Universitet, Bergen

UBB Ms. 1491

Jón Bjarnason Academy Collection, Icelandic Collection, Elizabeth Dafoe Library, University of Manitoba

JB6 1

Einkaeign, Manitoba

MB 038

FRUMHEIMILDIR

Hannes Þorsteinsson. *Æfir lærðra manna*, 31. bindi, bls. 31. Óprentað, Skjalaskrá Þjóðskjalasafn Íslands: <https://skjalaskrar.skjalasafn.is/r/OTg5NDI3>, sótt af vef 25.3.2025.

Hálfðan Einarsson. *Sciagraphia Historiæ Literiæ Islandicæ Autorum et Scriptorum tum Editorum tum Ineditorum Indicem Exhibens Cujus Delineandæ Periculum*. Kaupmannahöfn: Sander og Schröder, 1777.

Jón Ólafsson. *Safn til íslenskrar bókmenntasögu*, útg. Guðrún Ingólfsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Rit 99. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2018.

Kålund, Kristian. *Katalog over de Oldnorsk-Islandske håndskrifter i det store Kongelige bibliotek og i Universitetsbiblioteket (udenfor den Arnamagnæanske samling) samt den Arnamagnæanske samlings tilvækst 1894–99*, II. bindi. Kaupmannahöfn: Gyldendalske boghandel, 1900.

Páll Vídalín. *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*, útg.

Jón Samsonarson. Rit 29. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1985.
Rímnatal I–II. bindi, útg. Finnur Sigmundsson. Reykjavík: Rímnafélagið, 1966.

Rímur af Jónsvíkingasögu ásamt Fertrams rímum og Plató (Viðey: Helgi Helgason, 1836), 113–190.

Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík. „Ölvis rímur sterka: Handrit, miðlun og þróun“, doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2025.

EFTIRHEIMILDIR

Berger, Rosetta M. og Michael D. C. Drout. „The Relationship between *Víga-Glúms saga* and *Reykðæla saga*: Evidence from New Lexomic Methods“. *Viking and Medieval Scandinavia* 11 (2015): 1–32.

Bjarni Einarsson. *Munnmalasögur 17. aldar*. Íslenzk rit síðari alda 6. Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag, 1955.

Drout, Michael D. C. et al. „Of Dendrogrammatology: Lexomic Methods for Analyzing Relationships between Old English Poems“, *Journal of English and Germanic Philology* 110.3 (2011): 301–336.

Drout, Michael D. C. og Leah Smith. „A Pebble Smoothed by Tradition: Lines 607–61 of *Beowulf* as a Formulaic Set-piece“, *Oral tradition* 31.1 (2018): 191–228.

Einar Gunnar Pétursson. „Kellingarím eða Tímaríma Jóns lærða“, *Ólafskross reistur Ólafi Halldórssyni sextugum*. Reykjavík: 1980, 14–17.

– Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða: Samantekt um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristingar og skrifelsi, Þættir úr fræðasögu 17. aldar, I. bindi. Rit 46. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1998.

Jón Eggertsson. *Blómsturvallarímur*, útg. Grímur M. Helgason og Hallfreður Örn Eiríksson. Rit Rímnafélagsins 11 (Reykjavík: Rímnafélagið, 1976).

Jón Helgason. *Ármanns rímur eftir Jón Guðmundsson lærða*. Íslenzk rit síðari alda 1. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1948.

Jucknies, Regina. *Der Horizont eines Schreibers: Jón Eggertsson (1643 – 89) und seine Handschriften*. Texte und Untersuchungen zur Germanistik und Skandinavistik 59. Frankfurt am Main: Peter Lang, 2009.

Knöpfle, Madita. „Conceptions of Authorship: The Case of *Ármanns rímur* and their Reworkings in Early Modern Iceland“. In *Search of the Culprit: Aspects of Medieval Authorship*, ritstj. Lukas Rösli og Stefanie Gropper. Andere Ästhetik – Studien 1. Berlin: De Gruyter, 2021, 239–264.

Simek, Rudolf og Hermann Pálsson. *Lexikon der altnordischen Literatur*. 2. útg. Stuttgart: Kröner, 2007.

Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík. *Hetjur fyrri alda: Fjórar gleymdar fornsögur*. Reykjavík: Hið almenna bókmenntafélag, 2023.

– „Enn setti og samdi sá sem vel kunni og vel vildi“: Um glatað „Inntak Hjalpmþérs sögu og Ölvis“ og uppruna sögunnar í prósagerð, *Aldingarður ræktaður handa Aðalheiði Guðmundsdóttur sextugri* 7. mars 2025. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2025. 68–69.

Viðar Hreinsson. *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar*. Reykjavík: Lesstofan, 2016.

VEFHEIMILDIR

- Drout, Michael D. C. og Leah Smith. „How to read a dendrogram“, <https://wheatoncollege.edu/wp-content/uploads/2012/08/How-to-Read-a-Dendrogram-Web-Ready.pdf>, sótt af vef 31.3.2025.
- Karel – Rannsóknarvettvangur rímna, vefstj. Pétur Húni Björnsson, <https://rimur.adlib.is/karel/rimur/>, sótt af vef 24.3.2025.
- „Lexomics“, Kleinman, S., LeBlanc, M. D., Drout, M., & Zhang, C., Lexos v3.1.1, (2017), <https://wheatoncollege.edu/academics/special-projects-initiatives/lexomics/>, sótt af vef 27.3.2025.
- Old Icelandic Books, <https://www.instagram.com/oldicelandicbooks/>, sótt af vef 25.3.2025.
- Ólafur Pálsson, „Fann búta úr 500 ára gömlu skinnhandriti“, Morgunblaðið 26. febrúar 2023, https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/02/26/fann_buta_ur_yfir_500_ara_gomlu_skinhandriti/, sótt af vef 25.3.2025.

ÁGRIP

Tvennar rímur af Fertram og Plató frá 17. öld: Rímur Jóns Eggertssonar og brot af glataðri rímu Jóns Guðmundssonar lærða?

Efnisorð: rímur, bókmenntir 17. aldar, handritabrot, stilmælingar

Á vordögum árið 2024 leitaði Eyþór Guðmundsson bókasafnari til mín með handritsbrot sem hann hafði fundið innan í bókbandi sálmaabókar sem prentuð var á Hólum. Hann vildi vita hvort ég gæti aðstoðað hann við að bera kennsl á texta brotsins, sem og áætla aldur þess. Brotið reyndist vera úr handriti frá 18. öld og texti þess bundið mál sem kom svo í ljós að mundi vera *Fertrams rímur og Plató*. Hins vegar var málum blandið að ákvarða hvaða *Fertrams rímur og Plató* væru á brotinu þar sem fleiri en einn rímnaflokkur hefur verið ortur um söguefnið.

Einn rímnaflokk, þ.e. *Fertrams rímur og Plató* ortan af Sigurði Breiðfjörð um árið 1830 var hægt að útiloka vegna aldurs handritsbrotsins. Eftir stóð þá sá möguleiki að brotið bæri *Fertrams rímur og Plató* sem ortar voru á 17. öld. En tvö rímna-skáld hafa verið orðuð við þær rímur í sumum heimildum meðan aðrar heimildir gera ráð fyrir að skáldin tvö hafi ort hvort sinn rímnaflokkinn af sama sagnaefni. Skáldin eru Jón Eggertsson og Jón Guðmundsson lærði. Samanburður brotsins við varðveitta gerð *Fertrams rímna og Plató* í handritinu Lbs 695 4to, sem eignaðar hafa verið Jóni Eggertssyni, sýnir þó glögg að handritsbrotið geymir ekki brot af þeim rímnaflokki. Það bendir sterklega til þess að handritsbrotið gæti verið brot af *Fertrams rímunum og Plató* eftir Jón Guðmundsson lærða og væri þá eina brot þeirra sem varðveist hefur. Orðmengjafræðileg stílfræðirannsókn virðist benda til þess að þetta nýfundna rímnaabrot sé vissulega skylt öðrum rímnaflokki, *Ármanns rímunum*, sem vitað er að Jón lærði orti.

SUMMARY

Two rímur cycles of Fertram and Plató from the 17th century: rímur by Jón Eggertsson and a fragment of a lost rímur cycle by Jón Guðmundsson the learned?

Keywords: rímur, 17th century literature, fragment, stylometry

During the spring of last year, I was approached by a private owner, Eyþór Guðmundsson, who had discovered a manuscript fragment inside a book of psalms printed at Hólar. He wanted to see if I could identify the text on the fragment and the age of the fragment as well. The fragment proved to be from a manuscript dating to the 18th century and contained a rímur text of unknown source, which turned out to be a version of *Fertrams rímur og Plató*. Discerning which *Fertrams rímur og Plató* exactly proved to be more complex, as there are more than one such rímur preserved.

One *Fertrams rímur og Plató*, composed around 1830 by Sigurður Breiðfjörð could be excluded based on the age of the manuscript fragment itself. Leaving the possibility of the fragment being related to another *Fertrams rímur og Plató* composed in the 17th century. However, two named poets have been said to be the composer of those *Fertrams rímur and Plató*, while other sources seem to indicate that both poets composed rímur on the same material each. These named poets are Jón Eggertsson and Jón Guðmundsson lærði. A comparison with the preserved *Fertrams rímur og Plató* in the manuscript Lbs 695 4to, said to be the work of Jón Eggertsson, showed clearly that the manuscript fragment does not contain a portion of those same rímur. This suggested strongly the possibility of the said fragment being the sole surviving bits of *Fertrams rímur og Plató* composed by Jón Guðmundsson lærði. Stylometric analysis, using the lexomic method, seems to suggest that the newly discovered manuscript fragment is indeed related to another set of rímur composed by Jón lærði, *Ármanns rímur*.

Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík
Eddu, Arngrímsgötu 5
IS-107 Reykjavík
teresa.drofn.njardvik@arnastofnun.is